



Safnahúsið Ísafirði Gamla sjúkrahúsið

Ársskýrsla 2011

Ársskýrsla safnanna í Safnahúsinu 2011

Gamla sjúkrahúsið hýsir Bæjar- og héraðsbókasafnið Ísafirði, Héraðsskjalasafnið Ísafirði, Ljósmyndasafnið Ísafirði og Listasafn Ísafjarðar. Húsið var vígt sem safnahús árið 2003.

Þann 8. desember 1987 samþykkti bæjarstjórn að gamla sjúkrahúsið yrði gert að safnahúsi. Það varð svo eitt af menningarhúsum bæjarins í kjölfar menningarhúsasamnings við ríkissjóð.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar þann 12.06 2003 skyldi Gamla sjúkrahúsið á Eyrartúni framvegis nefnast Safnahúsið Eyrartúni. Jafnframt var samþykkt að merki hússins yrði mynd af framhlið þess.

Vefur safnanna er <http://safn.isafjordur.is/> - og er unnið stöðugt að því að koma meira efni á vefinn. Bókasafnið hér var fyrsta almenningsbókasafn landsins sem veitir aðgang að skrá sín um á vefnum <http://marc.isafjordur.is/mikromarc/>

BÓKASAFNIÐ:

ÚTLÁN:

Á árinu voru heildarútlán bókasafnsins 19.391 (28.038) bindi. Í aðalsafni voru útlánin 16.891(24.538), en til stofnana, hreppa o.fl. voru útlán um 1.500 bindi. Útlán í hreppasöfnunum voru áætluð 1000 (2.000) bindi en útibúinu á Flateyri var lokað á síðasta ári. Útlán á hvern íbúa bæjarins eru um 7 b./íb. Bent er á að framangreindar útlánatölur eiga eingöngu við um rit sem eru lánuð út af söfnunum - lán á lestrarsal, leskróka, handbókalán, blaða- og tímaritalán o.þ.h. eru ekki talin með. Skv. erlendum viðmiðum má gera ráð fyrir að innanhússnotkun sé um 50% af útlánunum þannig að heildanotkun rita á árinu 2011 hefur verið um 29.000 (42.000) bindi.

Ekki er talin afritun gagna s.s. ljósritun eða skönnun. Auk þessa hefur orðið mikil aukning notkunar á Internettlöfum í safninu, sem og þráðlausu neti en þau not eru ekki mæld.

MILLISAFNALÁN:

Rit lánuð öðrum söfnum voru um 12 (31) og rit fengin að láni voru 21 (41).



SAFNKYNNING:

Safnkynningar fyrir grunnskóla á Þingeyri og Ísafirði voru 11 (16) og komu 191 (302), fyrir leikskóla voru 12(14) skipulagðar heimsóknir og komu 92 (122) börn. Á bangsadaginn komu 70 (70) börn á skipulagða dagskrá. Uppskeruhátíð sumarlesturs 42(55). Nemar úr Háskólasetri komu í eina safnkynningu og erlendir nemar úr MÍ í eina safnkynningu.

Heimsóknir og kynningar rúmlega 400 (623) gestir.

LÁNÞEGAR:

Áætlað er að lánþegar sem koma í safnið á Ísafirði að staðaldri séu um 800. Verð skírteina var 1700 kr., en börn á grunnskólaaldri fá fyrsta skírteini ókeypis.

SAFNKOSTUR:

Heildarsafnkosturinn er um 84.910 bindi þar sem nokkuð er til af óskráðu efni. Safnkostur hreppssafnanna er um 37.500. Bókakosturinn í heild er því um 122.400 bindi.

ÚTLÁNATÍMAR:

Útlánaafgreiðsla safnsins hefur verið opin 28 klst. á viku (virka daga kl. 13-18 og laugard. 13-16). Þjónusta utan venjulegs afgreiðslutíma hefur aukist verulega undanfarið, mest gegnum síma og netpóst - upplýsingavakt gegnum síma og tölvusamband er að jafnaði frá kl. 10 til 18. Einnig var safnið stundum opið utan venjulegs afgreiðslutíma sumarmánuðina þegar skemmtiferðaskip voru í höfn. Hreppasöfnin fyrrverandi á Þingeyri og Suðureyri eru opin að jafnaði 1 klst. á viku vetrarmánuðina.

SKÓLAR:

Bókavörður Grunnskólans á Ísafirði skráir nú safnkost skólans beint í kerfi safnsins, en skólinn hefur haft aðgang að bókasafnskerfinu nokkur undanfarin ár þar sem útlán eru einnig skráð. Framhald var á safnkynningu fyrir nemendur Grunnskólans í samvinnu við skólasafnvörð. Safnið þjónar nemendum sem eru í fjarnámi með útvegum heimilda og aðgengi að gagnaböndum og leiðbeiningum um notkun þeirra og veitir þeim aðstöðu á safninu eftir því sem hægt er og standa vonir til þess að losa megi pláss á 3ju hæð til nota fyrir fjarnema - amk fyrir þá sem eru í framhaldsnámi í þeim greinum sem þurfa aðgang að bóka-skjala- og myndasafninu. Bókasafnið hefur sinnt þörfum nemenda Menntaskólans fyrir ítarefni (bækur / tímaritsgreinar o.fl.) eins og áður að verulegu leiti.

HREPPSBÓKASÖFN:

Samstarf við hreppssöfn í héraðinu eru skv. lögum – þetta samstarf var með líku sniði og undanfarin ár. Eftir sameiningu sveitarfélagana er aðeins Súðavík eftir en töluverður hluti safnsins er nú í geymslum hér. Bókakostur þessara hreppa er skráður að mestu leiti í tölvu safnsins á Ísafirði - íbúar héraðsins hafa nú aðgang að skrá safnsins eins og aðrir á Internetinu, sama gildir um bókasafnið í Bolungarvík þó það sé ekki í formlegu sambandi.




HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ:

Árið 2011 bárust safninu 31 skjalaafhending og fyrirspurnir voru um 80 auk minniháttar fyrirspurna sem ekki þykir taka að bókfæra sem afgreiðslu.

Unnið var áfram að söfnun skjala og athugun á ástandi í skjalageymslum í héraðinu. Eins voru nokkrir einstaklingar við fræðistörf á safninu til lengri eða skemmri tíma. Í árslok 2011 voru færslur í aðfangabók 5148 (5030). Safnið sinnti jafnframt ráðgjöf og þjónustu við bæjarskrifstofur eins og áður. Til vorsins sinnti Skjalasafnið áfram verkefnum á vegum Þjóðskjalasafnsins (skv. svokölluðum mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar). Fór sú starfsemi fram í rými í eigu HG í Íshúsfélagshúsinu við Eyrargötu og sinntu 6 skjalaliðar störfum þar undir stjórn skjalavarðar (JSB og GMH). Safnið tók að sér að auki að endurskipuleggja og búa um skjöl Ríkissaksóknara. Verkefnum þessum lauk um vorið og var húsnæðið þá tæmt og starfsmönnum sagt upp störfum. Um haustið fékkst styrkur frá Vinnumálastofnun og Ísafjarðarbæ til að skrá og pakka gömlum skjölum frá Ísafjarðarkaupstað. Var unnið að því verkefni í húsnæði leikskólans Bakkaskjólís í Hnífsdal og svipað leyti hófst nýtt verkefni fyrir Þjóðskjalasafn Íslands sem fólst í því að tölvuskrá sóknarmannatöl. Var það einnig til húsa í Bakkaskjöli, Hnífsdal. Voru 4 starfsmenn í því verkefni og 1 starfsmaður í frágangi á skjölum Ísafjarðarkaupstaðar. Fjórir einstaklingar voru ráðnir í tímabundin atvinnuáttaksverkefni Vinnumálastofnunar og Ísafjarðarbæjar. Voru þeir starfsmenn nýttir til að tölvufæra íbúaskrár Ísafjarðarkaupstaðar 1914-1952 og til að tölvufæra ljósmyndaskrá Björns Pálssonar.

Left Page (Papers of the...)	Right Page (List of Names)
1. 1889	1. 1889
2. 1890	2. 1890
3. 1891	3. 1891
4. 1892	4. 1892
5. 1893	5. 1893
6. 1894	6. 1894
7. 1895	7. 1895
8. 1896	8. 1896
9. 1897	9. 1897
10. 1898	10. 1898
11. 1899	11. 1899
12. 1900	12. 1900
13. 1901	13. 1901
14. 1902	14. 1902
15. 1903	15. 1903
16. 1904	16. 1904
17. 1905	17. 1905
18. 1906	18. 1906
19. 1907	19. 1907
20. 1908	20. 1908
21. 1909	21. 1909
22. 1910	22. 1910
23. 1911	23. 1911
24. 1912	24. 1912
25. 1913	25. 1913
26. 1914	26. 1914
27. 1915	27. 1915
28. 1916	28. 1916
29. 1917	29. 1917
30. 1918	30. 1918
31. 1919	31. 1919
32. 1920	32. 1920

Tvær sýningar voru settar upp á árinu 2011, önnur um hátíðarhöld á 100 ára afmæli Ísafjarðarkaupstaðar 1966 og um Kaupfélag Ísfirðinga í tengslum við norræna skjaladaginn. Auk þess átti skjalasafnið aðild að jólasýningunni sem þar sem viðfangsefnið var íslenski hesturinn, þarfasti þjóninn.



LJÓSMYNDASAFNIÐ:

Safninu bárust nokkur einkamyndasöfn á árinu auk þess sem bættist við söfn sem fyrir voru, t.d. Arnþrúði Aspelund. Alls bættust 5468 myndir við safnið. Á árinu var að auki unnið við frágang eldri safna og eru öll söfn nú komin í sýrufrjár umbúðir. Á árinu 2011 fékk safnið yfir 100 fyrirsurnir vegna mynda auk þess sem safnið útvegaði myndir/afrit í ýmsar útgáfur á árinu, þetta er mjög vaxandi þáttur í starfsemi safnsins. Í safninu eru nú um 451.968 filmur og ljósmyndir. Úrval úr safninu hefur verið gert aðgengilegt á vefnum <http://myndasafn.isafjordur.is/> en síðastliðin tvö ár hefur áhersla verið á að koma óþekktum myndum á vefinn.

Sótt hefur verið um rekstrarstyrk úr Safnasjóði og fékkst 1.000.000 kr í rekstrarstyrk á árinu.

Yfirlit yfir einstök ljósmyndasöfn og afhendingar raðað eftir aldri mynda:

Ljósmyndarar / afhendingar:	Fjöldi	Gerð mynda	Tímabil	Umbúðir	Skráning	Staf-rænt	Áæ.dag sv.
Ýmsir ljósmyndarar eldri (1993-)	11.800	pappír s/h	1870-1930	sýrufrítt	áæ.2010-	2.242	661
Gunnar Hvammdal (2009) áætl.fj.	1.000	pappír/filma	1880-1950	sýrufrítt	óskráð		56
Björn Pálsson (1971)	13.110	gler s/h	1891-1915	sýrufrítt	Spjaldskrá/		734
C.G.A. Rasmussen (2006)	300	6x6 s/h filma	1910-1920	sýrufrítt	sarpur		17
M. Simson einkasafn (1990)	380	gler s/h	1915-1960	sýrufrítt	sarpur		21
M. Simson stofumyndir (1974)	29.500	gler s/h	1918-1957	sýrufrítt	registur		1.652
Guðm. frá Mosdal einkasafn (1990)	722	6x9 filma s/h	1930-1960	sýrufrítt	óskráð		40
Sigurgeir B. Halldórsson (2008)	873	6x6 filma s/h gler	1930-1970	sýrufrítt	óskráð/á vef	873	48
Ýmsir ljósmyndarar yngri (1993-)	13.966	filma/pappír	1931-1980	sýrufrítt	óskráð		706
Ágúst Leósson (2008)	1.000	6x6 s/h filma	1940-1970	sýrufrítt	óskráð		56
Arnþrúður Aspelund stofumyndir (2007)	3.000	gler s/h	1943-1974	sýrufrítt	registur		112
Arnþrúður Aspelund (2011)	1.017	pappír	1943-1974	sýrufrítt	registur		
Kristín Magnúsdóttir (með safni A.A.)	385	gler s/h	1943-1974	sýrufrítt	óskráð		22
Jón Hermannsson	10.000	35 s/h / litfilma	1950-1990	sýrufrítt	óskráð		560
Jón A. Bjarnason stofumyndir (1974)	6.300	gler / filma s/h	1958-1971	sýrufrítt	registur		352
Haukur Sigurðsson stofumyndir (2008)	24.000	35 / 6x6 s/h litfilma	1968-1976	sýrufrítt	registur		1.343
Leo Jóhannsson einkasafn (2002)	1.000	35 / 6x6 litfilma	1970-1985	sýrufrítt	óskráð		56
Leo Jóhannsson stofumyndir (1993)	25.200	35 / 6x6 litfilma	1970-1985	sýrufrítt	spjaldskrá		1.411
Vestfirski Fréttablaðið (1995)	24.600	35 s/h filma	1975-1995	sýrufrítt	tímalisti		1.377
Árný Herbertsdóttir stofumyndir (2007)	30.000	35 / 6x6 litfilma	1977-1983	sýrufrítt	registur		1.120
Bæjarins Besta (2006)	14.400	pappír	1983-2000	sýrufrítt	tímalisti		806
Bæjarins Besta (2009)	33.120	pappír	1983-2000	sýrufrítt	Access		608
Bæjarins Besta (2009)	86.400	35 / 6x6 litfilma	1983-2000	sýrufrítt	Access		1.612
Árný Herbertsdóttir stofumyndir (2008)	39.400	35 / 6x6 litfilma	1984-2000	sýrufrítt	registur		1.470
Þorsteinn J. Tómasson (2008)	75.907	stafrænar (JPG)	2001-2007	netþjónn	tímalisti	75.907	0
Kvenfélagið Ársól Suðureyri (2005)	415	pappír		sýrufrítt	óskráð		
Jónas Magnússon Ísafirði (2011)	4.004	pappír/filmur		sýrufrítt	óskráð		
Karitas Hafliðadóttir (2011)	169	pappír		sýrufrítt	óskráð		
Samtals	451.968		1870-2007			79.022	14.840
31.12 2011						Árs-	33

SÝNINGAR OG ATBURÐIR Í GAMLA SJÚKRAHÚSINU:

Skráðir gestir á sýningum voru um 1322 (1033) - sýningar og atburðir í húsinu voru: 23

Þessar sýningar og atburðir voru í húsinu á árinu:

Poppup - bækur Eddu Greichen

Kvikmyndavél og gömul albúm

Sögustaðir – sýning á verkum Collingwoods og Einars Fals Ingólfssonar

Kort og ferðaskjöl Eyjólfssonar

Guðsorðabækur í eigu safnsins

Móttaka á Kvennakór Reykjavíkur

Sýning á verkum Georgs Guðna

Ferminarsýning

Ljósmyndir Sigurgeirs B. Halldórssonar

Útskornir munir Jóa gamla

Sumarlestur

Tekið þátt í ferðamálaþingi, atburðir í sal hluti gönguferðar

Kristín Ólafsdóttir læknir og Ísafjörður

Bangsadagurinn

Veturnætur:

- 100 ára afmæli Ísafjarðarkaupstaðar – mynda- og skjalasýning

- Bókamarkaður

Norræni skjaladagurinn – Verslun á besta stað í bænum – skjöl Kaupfélagsins

Jólasýning – jólagjafir

Parfasti þjónninn – sýning á ljósmyndum og munum tengdum íslenska hestinum

Húslestrar ársins voru alls 2 talsins í samstarfi við Kómedíuleikhúsið



STARFSLIÐ SAFNANNA:

Edda B. Kristmundsdóttir, bókasafnsfræðingur (100%), Elín Magnfreðsdóttir, bókavörður (49%). Helena Björk Þrastardóttir, bókavörður (100%) Andri Pétur Þrastarson, Eygló Hulda Valdimarsdóttir og Agnes Kristín Hallvarðsdóttir störfuðu tímabundið við söfnin á árinu. Davíð Kristjánsson er bókavörður á Þingeyri, en hann hefur jafnframt sinnt bókbandi fyrir safnið og Marías Þórðarson á Suðureyri. Pétur Þorkelsson á Flatreyri lét af störfum á árinu. Guðfinna Hreiðarsdóttir skjalavörður (100%) – og eftirtaldar tímabundið við verkefni fyrir Þjóðskjalasafn: Ester Ingadóttir, Gréta Sturludóttir, Guðný Sóley Kristinsdótti, Svanhildur Þórðardóttir og Jóhanna Guðmundsdóttir. Angelie Soon Calderon vann við skráningu íbúaskráa í átaksverkefni. Helga Aspelund var í 80% st. fyrir ljósmyndasafnið en auk þess unnu þær Berglind Dögg Thorarensen og María Dögg Þrastardóttir að skráningu skráa Björns Pálssonar í átaksverkefni. Jóna Símónía Bjarnadóttir forstöðumaður (100%)

STJÓRN SAFNANNA:

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar fer með málefni safnanna.

[http://www.isafjordur.is/isafjordur/stjornkerfid/nefndir- stjornir og rad/baejarrad/](http://www.isafjordur.is/isafjordur/stjornkerfid/nefndir-stjornir-og-rad/baejarrad/)